

86

7. sept.

97. gr.

Lögreglusamþykkt þessi öðlast gildi 31. ágúst 1931, og fellur frá sama tíma úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkarkauptún staðfest 10. maí 1920, svo og öll ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. september 1931.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. september 1931.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

87

15. sept.

REGLUR

um

kosningu fulltrúa á aðalfund Síldareinkasölu Íslands.

Samkvæmt fyrirmælum í 4. gr. laga dags. 8. september 1931 um breyting á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri sild eru eftirfarandi reglur settar um kosningu fulltrúa á aðalfund Síldareinkasölu Íslands.

I. KAFLI

Kosning fulltrúa útgerðarmanna.

1. gr.

Kjördæmi skulu vera fjögur:

- a. Norðurland frá Langanesi að Horni.
- b. Vesturland frá Horni að Hítará.
- c. Suðurland frá Hítará að Hornafirði, hann ekki meðtalinn en Vestmannaeyjar meðtaldar.
- d. Austurland frá Hornafirði að Langanesi.

2. gr.

Stjórn Síldareinkasölu semur skrá yfir þau skip, sem atkvæði er fyrir samkvæmt nefndum lögum og sendir hana atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að minnsta kosti $\frac{1}{2}$ mánuði fyrir kjördag. Á skrá þessari skulu

skipin vera flokkuð á kjördæmin eftir heimilisfangi þeirra, án tillits til þess 87
hvar þau hafa lagt sildina upp til verkunar og skal þeim raðað eftir starf- 15. sept.
rófsröð.

3. gr.

Kosningu skal auglýsa með 8 vikna fyrirvara og skal þar tiltaka þann dag, er atkvæði skulu vera komin til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. Í Suðurlands- og Norðurlandskjördæmi skal viðhafa hlutfallskosningu og skal listum skilað til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins 4 vikum fyrri kjördag. Ákveður ráðuneytið bókstaf hvers lista í þeirri röð er þeir koma, og birtir þá síðan. Komi ekki nema einn listi fram í tæka tíð, telst sá listi kosinn.

Atkvæði skulu sendast atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu bréflega eða í símskeyti og sé tekið fram utan á bréfinu eða símskeytinu að í því sé atkvæði til kosninga á aðalfund Sildareinkasölunnar. Á atkvæðaseðlinum skal tilgreina nákvæmlega nafn skips og heimilisfang svo og nafn og heimilisfang þess, sem kosinn er, eða listabókstaf, ef um hlutfallskosningu er að ræða. Ennfremur vottfasta eða staðfesta undirskrift kjósenda. Ráðuneytið sér um talningu atkvæða, enda séu atkvæðabréf ekki opnuð fyrr en talning fer fram og skal hlutaðeigendum gefinn kostur á að vera viðstaddir talninguna eða hafa þar umboðsmenn. Varafulltrúa skal kjósa á sama hátt og skal kjósa þá á sama atkvæðaseðli, en tilgreina skal hver sé aðalfulltrúi og hver varafulltrúi.

II. KAFLI

Kosning fulltrúa Alþýðusambands Íslands.

4. gr.

Alþýðusambandið, eða stjórn þess, hafi lokið fulltrúakosningu á sama tíma og útgerðarmenn hafa lokið kosningu fulltrúa sinna. Það sendir atvinnu- málaráðuneytinu skrá yfir fulltrúa og varafulltrúa með greinilega tilfærðum nöfnum, stöðu og heimilisfangi hvers um sig ásamt skýrslu um kosninguna.

III. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

5. gr.

Kosningar til aukafundar Sildareinkasölunnar, sem halda á í nóvembermánuði þ. á., skulu fara fram eftir framangreindum reglum, þó skal við kosningu fulltrúa útgerðarmanna til þess fundar miða við skip þau, er gerð voru út á sildveiðar sumarið 1931.

Skal listum til hlutfallskosninga skilað til atvinnu- og samgöngumála-

87 ráðuneytisins í síðasta lagi hinn 20. okt. þ. á. og atkvæðum skilað í síðasta lagi 15. sept. hinn 5. nóvember þ. á.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

88 Staðfesting konungs á skipulagsskrá um „Minning Jóns Magnússonar og 16. sept. Þorgerðar Hannesdóttur, Stóra-Áss hjóna“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 16. sept. 1931.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningu Jóns Magnússonar og Þorgerðar Hannesdóttur, Stóra-Áss hjóna.

Áður en maðurinn minn dó, Bjarni Daðason fyrr bóndi á Uppsölum, höfðum við ákveðið að gefa Stóra-Áss kirkju gjöf til minningar um foreldra mína, Jón Magnússon hreppstjóra og Þorgerði Hannesdóttur konu hans, sem bjuggu alla sína tíð í Stóra-Ási, og hvíla þar nú dæin í kirkjugarði.

Um þetta er hér svo látandi skipun gerð:

Stofna skal sjóð með nafni: „Minning Jóns Magnússonar og Þorgerðar Hannesdóttur Stóra-Áss hjóna“, og er sjóðurinn eign Stóra-Áss kirkju. Stofnféð er 1000 krónur. Það skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, 500 krónur í Aðaldeild og 500 kr. í Útborgunardeild. Af vöxtunum í Aðaldeild leggist helmingur við innstæðuna þar, einn fjórði leggist við innstæðuna í Útborgunardeild, og einum fjórða skal sóknarnefnd safna í sérstakan sjóð í Sparisjóði Landsbankans og verja því fé til að styrkja sérstakar búningsbætur kirkjunnar svo sem upphitun og raflýsingu, en annars til viðgerðar og viðhalds kirkjunnar. Þegar Stóra-Áss kirkja verður endurbyggð, má verja til byggingarinnar allri innstæðunni, sem orðin er þá í Útborgunardeild, eftir uppsögn með löglegum fyrirvara. En jafnframt skal þegar fara að safna í nýjan viðskiptadálk í Útborgunardeild á sama hátt og áður segir. Má sóknarnefnd jafnan síðan taka út það fé, sem